

## Umsögn

um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141.

Frá minni hluta umhverfis- og samgöngunefndar.

Minni hluti umhverfis- og samgöngunefndar gerir nokkrar athugasemdir við tillögu umhverfis- og auðlindaráðherra um að færa Hvammsvirkjun úr biðflokki rammaáætlunar í nýtingarflokk. Minni hlutinn gerir jafnframt alvarlegar athugasemdir við breytingartillögur þær sem meiri hluti atvinnuveganefndar leggur til um að Holta- og Urriðafossvirkjun fari í nýtingarflokk auk Skrokköldu og Hagavatns.

Í fyrsta lagi gerir minni hlutinn athugasemdir við að málið skuli ekki vera til meðferðar í umhverfis- og samgöngunefnd heldur í atvinnuveganefnd og að umhverfis- og samgöngunefnd sé umsagnaradili. Líkt og fram kemur í bókun minni hluta í fundargerð umhverfis- og samgöngunefndar frá 15. október sl. telur minni hlutinn að þessi vísun málsins til atvinnuveganefndar sé ekki í anda þeirrar umgjáðar sem sköpuð hefur verið um rammaáætlun á undanförunum árum þar sem horft er heildstætt á málaflokkinn jafnt út frá verndar- og nýtingarmöguleikum. Tillaga sú sem varð að ályktun Alþingis nr. 13/141 var til umfjöllunar í umhverfis- og samgöngunefnd á 141. löggjafarþingi og telur minni hlutinn eðlilegt að málinu hefði nú einnig átt að vísa til umhverfis- og samgöngunefndar til umfjöllunar.

Málsmeðferð sú sem tillaga þessi grundvallast á er ekki í samræmi við þá hugmyndafræði sem liggur að baki vinnu við gerð rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða. Það ferli sem lagt er upp með í lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011, byggir á því að margir virkjanakostir séu teknir til skoðunar og þeim ráðað eftir þeim sjónarmiðum sem fram koma m.a. í 4. mgr. 3. gr. laganna. Í því skal lagt mat á verndar- og orkunýtingargildi landsvæða og efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif nýtingar, þ.m.t. verndunar. Ljóst er að þegar aðeins örfáir kostir eru til skoðunar hverju sinni með það að markmiði að færa einn eða fleiri þeirra í nýtingarflokk vantar þá heildaryfirsýn sem nauðsynleg er og fæst aðeins ef lagt er mat á marga virkjunarkosti í einu og þeim ráðað eftir framangreindum sjónarmiðum. Sé aðeins horft á fáa kosti er ljóst að auðvelt er að færa fyrir því rök að þá beri að nýta.<sup>1</sup> Ljóst er því að eðlilegast er að láta verkferla rammaáætlunar, eins og gert er ráð fyrir í lögum og umhverfisráðherra hefur lagt áherslu á, hafa sinn gang.

Ljóst er einnig að fyrirbyggjandi breytingartillaga meiri hluta atvinnuveganefndar um að færa Holta- og Urriðafossvirkjun auk Skrokkölduvirkjunar og Hagavatnsvirkjunar í nýtingarflokk gengur með beinum hætti gegn ákvæðum laganna. Líkt og fram kemur í greinargerð verkefnisstjórnarinnar telur hún virkjunarkostina tvo í neðri Þjórsá ekki fullrannsakaða og lagði því til að þeir yrðu ekki færðir úr biðflokki á meðan nauðsynlegra

---

<sup>1</sup> Sbr. bókun Þóru Ellenar Þórhallsdóttur við greinargerð verkefnisstjórnar rammaáætlunar 21. mars 2014 - <http://www.althingi.is/altext/144/s/0273.html>

upplýsinga væri aflað svo meta mætti með fullnægjandi hætti áhrif Holta- og Urriðafossvirkjana á lífríki Þjórsár. Að mati minni hlutans er það skynsamleg niðurstaða og í samræmi við þau eðlilegu varúðarsjónarmið að náttúrunni skuli ekki raskað ef óvíst er um afleiðingar þeirrar röskunar.

Einnig kemur fram í greinargerð verkefnisstjórnar frá 21. mars 2014 varðandi virkjunarkostina þrjá við Skrokköldu og Hágöngur að snemma hafi verið ljóst að ekki yrði mögulegt að afla þeirra gagna sem nauðsynleg væru til að endurmeta áhrif virkjananna á víðerni og verndarsvæði Vatnajökulsþjóðgarðs, samlegðaráhrif virkjananna og tengingu við flutningskerfi raforku, á þeim tíma sem verkefnisstjórnin hafði til vinnunar. Skrokkölduvirkjun er á miðhálandi Íslands á Sprengisandsleið sem er með fjölfarnari hálandisvegum landsins. Virkjanir við Skrokköldu mundu án vafa þrængja að Vatnajökulsþjóðgarði og rýra gildi hans. Ósnortin víðerni á miðhálandi Íslands eru mikil auðlind sem hefur ríkt aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Ásókn í ferðir upp á miðhálandið hefur aukist mikið og því mikilvægt að halda því ósnortnu svo það haldi gildi sínu fyrir ferðaþjónustu til framtíðar. Minni hlutinn tekur því undir niðurstöðu verkefnisstjórnar um nauðsyn þess að rannsaka áhrif virkjunar á svæðinu betur.

Hið sama á við um Hagavatnsvirkjun en verkefnisstjórnin taldi ljóst eftir vettvangsferð að óvissa væri enn um sandfok, náttúrulega landmótun, útivist, ferðaþjónustu og tengingu við flutningskerfi raforku. Taldi verkefnisstjórnin að fullskipaðir faghópar þyrftu að meta framangreinda þætti sem ekki reyndist unnt að gera á þeim tíma sem verkefnisstjórninni var veittur við vinnuna.

Virkjunarkostirnir við Skrokköldu og Hagavatn hafa samkvæmt framansögðu ekki fengið þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun. Í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur fram að verkefnisstjórn skuli skipa faghópa með sérfræðingum á viðeigandi sviðum sem fari yfir virkjunaráform, meti þá með stigagið og geri tillögur til verkefnisstjórnar. Af þessu leiðir að verkefnisstjórn getur ekki metið virkjunarkosti nema faghópar komi að matinu með tillögum til verkefnisstjórnar. Hagavatnsvirkjun hefur jafnframt þá sérstöðu að verkefnisstjórn 2. áfanga rammaáætlunar fjallaði ekki heldur um virkjunarkostinn og hefur hann því ekki fengið neina umfjöllun verkefnisstjórnar rammaáætlunar. Í 3. mgr. 3. gr. laganna kemur fram að verndar- og orkunýtingaráætlun taki til landsvæða og virkjunarkosta sem verkefnisstjórn hefur fjallað um. Líkt og rakið hefur verið hér hefur verkefnisstjórn ekki fjallað um og metið virkjunarkostinn við Hagavatn og því fer það með beinum hætti gegn skýrum ákvæðum laganna að færa þann kost í nýtingarflokk án undangenginnar lögmætrar málsmeðferðar.

Minni hlutinn lýsir miklum áhyggjum af því að með þessari tillögu sé verið að dýpka þau átök sem einkennt hafa umræðuna um virkjanamál og náttúruvernd á Íslandi í áratugi. Rammaáætlun var ætlað að færa ákvarðanatökuna úr hefðbundnu togi átakastjórn mála í faglegan farveg en með því að taka virkjanakost út fyrir "rammann" er horfið frá þeirri leið. Hugmyndir formanns atvinnuveganefndar og iðnaðarráðherra, sem birst hafa opinberlega á síðustu missirum samhliða umfjöllun málsins í nefndinni, um að fjölga enn frekar kostum í nýtingarflokki, undirstrika svo ekki verður um villst algert virðingarleysi fyrir aðferðafræði rammaáætlunar. Þar leggja forystumenn ríkisstjórnarinnar til að fleiri kostir verði færðir í nýtingu án faglegar sköðunar verkefnisstjórnar og faghópa hennar eins og vikið var að hér að framan.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sagði meðal annars: "Ríkisstjórnin mun leitast við að virkja samtakamátt þjóðarinnar og vinna gegn því sundurlyndi og tortryggni sem einkennt hefur íslensk stjórnsmál og umræðu í samfélaginu um nokkurt skeið." Forsætisráðherra vitnaði í Fjölnismenn í áramótaávarpi sínu um næstsíðustu áramót að óskandi væri að Íslendingar færu að sjá „... að það er aumt líf og vesælt, að sitja sinn í hverju

horni, og hugsa um ekkert nema sjálfan sig, og slíta svo sundur felag sitt, og skipta sundur afli sínu í svo marga parta sem orðið getur — í stað þess að halda saman og draga allir einn taum.“ Vel má taka undir þessi orð en með þessari tillögu er unnið gegn þessu markmiði. Með vinnubrögðum meiri hlutans, sem hér hafa verið rakin, er ekkert unnið til þess að auka frið um þennan málaflokk heldur hið gagnstæða; stríðsöxin er rifin upp úr jörðinni með látum.

Forsætisráðherra sagði á fundi Framsóknarmanna síðasta haust að þótt umræða um þjóðfélagsmál hafi oft verið óbilgjörn á Íslandi hafi hún líklega sjaldan eða aldrei náð því marki sem við sjáum nú. Illmælgj, sleggjudómar og niðurrifstal hafi aldrei átt jafngreiða leið að almennri umræðu og nú. Enn fremur sagði forsætisráðherra að mestu leyti verði þessi umræða til hjá fámennum hópi fólks sem sé alls ekki lýsandi fyrir samfélagið en tíðarandinn sé þó slíkur að þessi brenglaða sýn nái athyglinni og gefur tóninn fyrir umræðuna. Það geti haft raunveruleg og mjög neikvæð áhrif fyrir samfélagið.

Minni hluti umhverfis- og samgöngunefndar spyr sig hvernig forsætisráðherra og stjórnarflokkarnir telji að sú aðferðarfræði sem birtist í þessari nálgun við verkefni rammaáætlunar eigi að bæta það alvarlega ástand sem forsætisráðherra lýsti í ræðu sinni og hefur, eins og hann benti á, leitt til þess að Íslendingar hafa flúið til annarra landa það leiðinlega og þrúgandi andrúmsloft og illskeyttu og neikvæðu umræðu sem ríkir á Íslandi. Rammaáætlun var ætlað að verða verkfæri friðar og sáttar en hér er sú sátt rofin.

Rammaáætlun snýst ekki aðeins um að flokka kosti í þrjá flokka, vernd, nýtingu og biðflokk heldur líka að fylgja flokkuninni eftir. Um verndarflokkinn gildir að ráðherra ber að tryggja fjármagn til þess að friðlýsingarvinna megi halda áfram. Frá því þessi ríkisstjórn tók við hefur friðlýsingarvinna nánast algjörlega legið niðri og kom fram á fundum nefndarinnar að verkefni af þeim toga eru fjársvelt í umhverfis- og auðlindaráðuneyti og Umhverfisstofnun. Skýrasta dæmið er þegar fyrirhugað var að ganga til undirritunar á stækkun friðlandsins í Þjórsárverum í júní 2013 og athöfnin var slegin af á síðustu stundu. Ráðherrann kom því næst fram með tillögu að nýtingu við Norðlingaöldu þar sem ytri mörkum hafði verið breytt í þágu nýrrar hugmyndar Landsvirkjunar um nýtingu. Fyrir liggur að Þjórsárver eru bæði vel rannsökuð og verndargildið ótvírætt og stækkun friðlandsins þar hefur verið á dagskrá um langt árabil og hefur verið baráttumál náttúruverndarsinna í hartnær fimmtíu ár. Með því að hunsast með öllu verndarhluta rammaáætlunar með þessum hætti hefur núverandi ríkisstjórn stefnt grundvelli rammaáætlunar í uppnám og verður ekki séð að eðlilegt sé að nokkrir kostir verði færðir úr biðflokki meðan svo er.

Minni hlutinn leggst eindregið gegn breytingartillögu meiri hluta atvinnuveganefndar, telur hana brjóta í bága við lög um rammaáætlun, það ferli sem þar er dregið upp auk þess sem afgreiðsla Alþingis á þessum tillögum mun kynda undir ófriði um umhverfis- og virkjanamál að nýju.

Alþingi, 12. mars 2015.

Katrín Júlíusdóttir,  
Róbert Marshall,  
Svandís Svavarsdóttir.